# Lög

**um breyting á lögum um mannréttindasáttmála Evrópu, nr. 62 19. maí 1994 (13. samningsviðauki).**

---

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Samningsviðauka nr. 13 frá 3. maí 2002 við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis, varðandi afnám dauðarefsinga í öllum tilvikum.
b. Í stað orðanna „samningsviðaukar nr. 1, 4, 6 og 7“ í 2. mgr. kemur: samningsviðaukar nr. 1, 4, 6, 7 og 13.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 5. desember 2003.*